

3
4. janúar

S A M Þ Y K T

um

breytingar á samþykkt 12. okt. 1920, um sýsluvegin **Svínvetningabraut**.

1. gr.

Aftan við 1. gr. samþykktarinnar bætist: „Og ennfremur frá túninu á Reykjum ofan á hlíðarbrautina við Svínavatn.“

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar breytist þannig:

1) Fyrir 1% í staflíð a. komi: $\frac{3}{4}\%$.

2) Á undan síðustu málsgrein komi:

„Eigandi Reykja og heimilismenn þar greiði aðeins hálf guld samkvæmt þessari grein, og eigandi Köldukinnar og heimilismenn þar $\frac{3}{4}$ gjalda, en heimilismenn í Marðarnúpselli fult guld eftir staflíðunum b. og c.“

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

4
4. janúar

S A M Þ Y K T

um

akfæran veg frá Hlíðará fram Svartárdal austan Svartár.

1. gr.

Svo fljótt sem því verður viðkomið skal leggja vagnfæran sýsluveg frá Hlíðará, fram Svartárdal að austan, að Bergsstöðum, og þaðan hreppaveg áfram fram dalinn að austan, svo fljótt sem ástæður leyfa.